

Mál nr. 30/2016**M og
váttryggingafélagið V vegna slysáttryggingar fjölskyldutryggingar X.****Váttryggðir í fjölskyldutryggingu vegna slyss 11. mars 2014.****Gögn.**

Málskot, móttakið 5.2.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 14.3.2016 ásamt váttryggingarskírteini og váttryggingarskilmálum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi fallið í tröppum 11. mars 2014 krefst bóta úr fjölskyldutryggingu hjá V vegna afleiðinga slyssins. Í tjónstilkynningu dags. 14. apríl 2015 er váttryggingartaki tilgreindur X. Í málskoti kemur fram að M og X hafi verið hjón á slysdegi en þá ekki haft sama lögheimili sökum starfa X sem skipstjóra á fiskveiðiskipi, sem gert var út frá Míritaníu.

M telur að fjölskyldutrygging X eigi að ná til hennar þar sem þau hafi verið í hjónabandi á slysdegi og þau hjónin hafi átt saman fasteign á þessum tíma og lögheimilisskipti X hafi einungis verið tímabundin.

V vísar til þess að ósannað sé að lögheimilisskipti hafi einungis verið tímabundin og engin gögn hafi verið lögð fram því til staðfestingar. Einnig er vísað til váttryggingarskilmála fjölskyldutryggingar um hverjir eru váttryggðir og meðváttryggðir, en í gr. 1.1 komi fram að váttryggingartaki sé váttryggður og meðváttryggður skv. gr. 1.2 séu m.a. maki eða sambúðarmaki váttryggingartaka og ógift börn þeirra enda hafi þau sama lögheimili á Íslandi og váttryggingartaki, sameiginlegt heimilishald og búi á sama stað. V vísar til þess að M og X hafi ekki haft sameiginlegt lögheimili þegar tjónið var tilkynnt og á tjónsdegi ekki búið á sama stað eða verið með sameiginlegt heimilishald.

Álit.

Í váttryggingarskilmálum kemur fram að váttryggingartaki sé váttryggður sem og maki hans sem hefur sameiginlegt lögheimili, býr á sama stað og er með sameiginlegt heimilishald, sbr. gr. 1.1 og 1.2. Í málinu liggur ekki fyrir skýrlega hver lögheimilisskráning X og M var á tjónsdegi en þau voru þá ekki lögskilin skv. yfirlýsingu þjóðskrár dags. 17. nóvember 2015. Í málskoti kemur hins vegar fram að lögheimili váttryggingartakans X hafi verið erlendis á tjónsdegi. Með vísan til gr. 1.2 í váttryggingarskilmálum er áskilið að lögheimili váttryggingartaka og maka sé það sama til að maki sé váttryggður. Það skilyrði er ekki uppfyllt vegna slyss M og verður því ekki hægt að fallast á greiðsluskyldu úr váttryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til greiðslu bóta úr slysáttryggingu fjölskyldutryggingar X hjá V.

Reykjavík, 19. apríl 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 31/2016**M og**